

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	ÍSLENSKUR STAÐALL			ÍST 50
	GILDISTAKA 1986-12-01	ÚTGÁFA 2	FLOKKUN UDC 69.001-Rb/SfB(A)	BLS. 4

3 Rúmmál


3.1 Hugtök

Rúmmál skal gefið í heilum rúmmetrum (m³).
Greint er á milli brúttórúmmáls og upphitaðs rúmmáls.

3.2 Brúttórúmmál

Brúttórúmmál er það rými sem afmarkast af útlínunum byggingar. Ytri brún útveggja og ytri brún þaks afmarka þetta rými. Efri brún neðstu plötu og miðfletir milliveggja afmarka það einnig.

Innbyggðar svalir og yfirbyggðar innganga skal ekki reikna með í brúttórúmmáli, sjá mynd 3.



Mynd 3

3.3 Upphitað rúmmál

Upphitað rúmmál er það rými í húsi sem hitað er upp. Það afmarkast þó ávallt af innri flötum umliggjandi veggja, gólfa og lofta. Veggir og milliplötur, sem liggja innan þessa rýmis, skal reikna með.

3. apríl 1987

Nr. 148

REGLUGERÐ

um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

1. gr.

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti sem segir í 2. gr.

2. gr.

Hlutdeild sína í heildarkostnaði sjúkrasamlaga greiða sveitarfélög innan hvers samlags-svæðis með því að greiða af kostnaði sjúkrasamlags síns frá 1. janúar 1987 eins og hér segir:

Sjúkrasamlag Gullbringusýslu	30,72%
Sjúkrasamlag Kjósarsýslu	22,89%
Sjúkrasamlag Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	28,55%

Sjúkrasamlag Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	18,41%
Sjúkrasamlag Dalasýslu	32,86%
Sjúkrasamlag Austur-Barðastrandarsýslu	28,69%
Sjúkrasamlag Vestur-Barðastrandarsýslu	34,43%
Sjúkrasamlag Ísafjarðarsýslu	31,35%
Sjúkrasamlag Strandasýslu	21,43%
Sjúkrasamlag Vestur-Húnavatnssýslu	19,48%
Sjúkrasamlag Austur-Húnavatnssýslu	28,47%
Sjúkrasamlag Skagafjarðarsýslu	29,83%
Sjúkrasamlag Eyjafjarðarsýslu	41,23%
Sjúkrasamlag Þingeyjarsýslu	32,46%
Sjúkrasamlag Norður-Múlasýslu	24,94%
Sjúkrasamlag Suður-Múlasýslu	28,86%
Sjúkrasamlag Austur-Skaftafellssýslu	23,03%
Sjúkrasamlag Vestur-Skaftafellssýslu	32,22%
Sjúkrasamlag Rangárvallasýslu	31,75%
Sjúkrasamlag Árnessýslu	30,08%
Sjúkrasamlag Keflavíkur	25,70%
Sjúkrasamlag Njarðvíkur	27,28%
Sjúkrasamlag Grindavíkur	24,04%
Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar	21,44%
Sjúkrasamlag Garðabæjar	20,08%
Sjúkrasamlag Kópavogs	24,93%
Sjúkrasamlag Seltjarnarness	24,03%
Sjúkrasamlag Akraness	29,66%
Sjúkrasamlag Ísafjarðar	27,67%
Sjúkrasamlag Bolungarvíkur	20,51%
Sjúkrasamlag Sauðárkróks	27,86%
Sjúkrasamlag Siglufjarðar	32,13%
Sjúkrasamlag Ólafsfjarðar	29,43%
Sjúkrasamlag Dalvíkur	34,64%
Sjúkrasamlag Akureyrar	31,55%
Sjúkrasamlag Húsavíkur	27,26%
Sjúkrasamlag Seyðisfjarðar	28,62%
Sjúkrasamlag Neskaupstaðar	29,62%
Sjúkrasamlag Vestmannaeyja	24,64%
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	32,41%

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117/1976 um breytingu á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri reglugerðir um sama efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. apríl 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.